

ÚRSKURÐUR

Áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 1/1996

Radíóbúðin Skipholti 19 hf.

gegn

Samkeppnisstofnun og

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 3. janúar 1996, hefur Agnar Gústafsson, hrl., fyrir hönd Radíóbúðarinnar Skipholti 19 hf., kært málsmeðferð og fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar, dagsetta 14. nóvember 1995, vegna auglýsingar Samkeppnisstofnunar, vegna auglýsingar áfrýjanda sem birtist í dagblöðum 5. og 6. nóvember 1995.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála taki málið til rannsóknar, óski skýringa á framferði Samkeppnisstofnunar, leiðrétti fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar frá 14. nóvember 1995 og veiti Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði áminningu um að fara að lögum í störfum sínum.

Samkeppnisráð krefst þess að kröfu áfrýjanda um að áfrýjunarnefnd samkeppnismála leiðrétti fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar og veiti Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði áminningu, verði hafnað.

Mál þetta er flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd.

II.

Málavextir eru þeir að 5. og 6. nóvember 1995 birtust í dagblöðum auglýsingar frá áfrýjanda á „Vestel“ sjónvarpstækjum. Í auglýsingum þessum kom fram að tækin væru þýsk gæðavara með 29 tommu skjá. Samkeppnisstofnun bárust fimm kvartanir vegna þessara auglýsinga, þar sem að í auglýsingunum kæmu fram rangar upplýsingar.

Með bréfi, dags. 7. nóvember s.á., gerði Samkeppnisstofnun áfrýjanda grein fyrir framkomnum kvörtunum og gaf honum kost á að koma á framfæri athugasemdum. Áfrýjandi kom að athugasemdum við framkomnar kvartanir með bréfi er barst Samkeppnisstofnun 10. nóvember s.á.

Í auglýsingum á „Vestel“ sjónvarpstækjum sem birtust í Morgunblaðinu 12. og 13. nóvember hafði áfrýjandi leiðrétt fyrrgreindar upplýsingar.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. nóvember s.á. var áfrýjanda tilkynnt að stofnunin teldi að fyrrgreindar upplýsingar í auglýsingum sem birtust í dagblöðum 5. og 6. nóvember 1995 væru rangar. Með bréfinu var áfrýjanda sent afrit fréttatilkynningar sem Samkeppnisstofnun hugðist senda fjölmiðlum sama dag. Í fréttatilkynningunni segir m.a. :

„Í auglýsingum sem birtust í dagblöðunum 12. og 13. nóvember höfðu fyrrgreindar rangfærslur verið leiðréttar. Á undanförunum árum hefur Samkeppnisstofnun hins vegar margoft sent Radíóbúðinni athugasemdir vegna rangra og villandi upplýsinga í auglýsingum. Af þeim sökum hefur þeim fyrirmælum nú verið beint til fyrirtækisins að fara að lögum í auglýsingum og upplýsingagjöf, að öðrum kosti verði tekið harðar á brotum fyrirtækisins í framtíðinni.“

Áfrýjandi fór þess á leit við Samkeppnisstofnun að hann fengi að koma að athugasemdum við fréttatilkynninguna áður en hún yrði send út. Áfrýjandi fékk að koma að þeirri athugasemd að í auglýsingunni hefði staðið „þýsk gæðavara“ en ekki „þýsk gæðaframleiðsla“ og var fréttatilkynningin leiðrétt samkvæmt því. Aðrar athugasemdir áfrýjanda voru ekki teknar til greina.

III.

Áfrýjandi telur að Samkeppnisstofnun hafi brotið 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þegar áfrýjanda var neitað um að koma sjónarmiðum sínum að, áður en fyrrgreind fréttatilkynning var send út. Áfrýjandi bendir á að honum hafi verið neitað um að tjá sig um þá staðhæfingu í fyrrgreindri fréttatilkynningu að hann hefði margoft gerst sekur um rangar og villandi upplýsingar í auglýsingum sínum. Í því

sambandi bendir áfrýjandi á að fyrirtækið „Radíóbúðin Skipholti 19 hf.“ hafi ekki verið stofnað fyrr en á árinu 1994. Þá hafi komið til nýr lögaðili sem fyrri athugasemdir samkeppnisyfirvalda varði ekki.

Að mati áfrýjanda felst tvímælalaust stjórnvaldsákvörðun í fyrrgreindri fréttatilkynningu.

Þá telur áfrýjandi að Samkeppnisstofnun hafi brotið jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar, þ.e. 11. gr. laga nr. 37/1993, í afskiptum sínum af auglýsingum áfrýjanda. Hann bendir á auglýsingar annarra aðila úr dagblöðum á tímabilinu 18. nóvember til 15. desember 1995, þar sem ekki er gefið upp heildarverð. Áfrýjandi telur að aðrir auglýsendur komist upp með síendurtekin brot á samkeppnislögum án þess að Samkeppnisstofnun hreyfi mótmælum, en svo virðist sem stofnunin leggi áfrýjanda í einelti.

Samkeppnisstofnun telur ekki unnt að líta á fyrrnefnda fréttatilkynningu sem stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnisýslulaga, heldur sé um að ræða tilkynningu um niðurstöðu máls. Því telur Samkeppnisstofnun ljóst að ekki hafi hvílt lagaskylda á stofnuninni að gefa áfrýjanda kost á að tjá sig um efni fréttatilkynningarinnar.

Samkeppnisstofnun kveður framkvæmdastjóra áfrýjanda ekki hafa greint frá breytingum á eignarhaldi fyrirtækisins né óskað eftir að tjá sig um það atriði í viðræðum við Samkeppnisstofnun 14. nóvember 1995. Upplýsingar um eignarhaldsbreytinguna hafi fyrst komið fram í bréfi lögmanns áfrýjanda dags. 1. desember 1995. Því hafi ekki verið ástæða til að fresta útgáfu fréttatilkynningarinnar. Ennfremur bendir Samkeppnisstofnun á að þrátt fyrir að stofnað hafi verið nýtt félag um rekstur Radíóbúðarinnar árið 1994 séu það enn sömu einstaklingarnir sem eiga og reka verslunin.

Þá bendir Samkeppnisstofnun á að þrátt fyrir breytingu á eignarhaldi hafi einkennismerki áfrýjanda ekki verið breytt og geti neytendur eða keppinautar því ekki séð að breyting hafi átt sér stað á eignarhaldi fyrirtækisins.

Hvað viðkemur meintu broti samkeppnisyfirvalda á jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar, bendir Samkeppnisstofnun á að á fundi samkeppnisráðs hinn 16. febrúar 1995 hafi verið tekin fyrir 7 mál, þar með talin 3 mál frá auglýsinganefnd. Eitt þeirra var mál vegna auglýsingar áfrýjanda. Á

fundinum voru allar 3 tillögur auglýsinganefndar samþykktar. Að sögn Samkeppnisstofnunar gekk það sama yfir alla í þessum málum, viðkomandi auglýsingar voru bannaðar en ákvörðun um dagsektir var frestað til næsta fundar væri ekki farið að ákvörðun ráðsins.

Að sögn Samkeppnisstofnunar getur stofnuninni yfirsétt einstaka auglýsingar sem fara gegn lögum, en það geti ekki falið í sér röksemd fyrir því að stofnunin mismuni fyrirtækjum. Það sem skipti máli, er að meta hvernig þau mál sem stofnunin kemst yfir, eru rannsökuð og afgreidd. Að mati Samkeppnisstofnunar sýnir sá samanburður að jafnræðis er gætt og því hafi stofnunin ekki brotið gegn 11. gr. stjórnsýslulaga gagnvart áfrýjanda.

IV.

Niðurstöður.

Í erindi sínu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála dags. 3. janúar 1996 kærir áfrýjandi „málsmeðferð og fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar dagsetta 14. nóvember 1995...“ og er krafa áfrýjanda sú að nefndin taki mál þetta til „gaumgæfilegrar rannsóknar, óski skýringa á framferði Samkeppnisstofnunar, leiðrétti fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar frá 14. nóvember 1995 og veiti Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði alvarlega áminningu...“

Skilja verður kæru áfrýjanda svo, að kærð sé sú ákvörðun Samkeppnisstofnunar í máli þessu að senda fréttatilkynningu til fjölmiðla vegna meintra brota og sú málsmeðferð sem leiddi til þeirrar ákvörðunar, með vísan til stjórnsýslulaga.

Ljóst er að samkeppnisyfírvöld hafa ítrekað talið sig hafa þurft að hafa afskipti af auglýsingum sem birtar hafa verið undir nafni „Radíóbúðarinnar“, og beindist fréttatilkynningin að því verslunarheiti. Upplýst er að Radíóbúðin hf. er aðalstofnandi Radíóbúðarinnar Skipholti 19 hf., sem nú rekur umrædda verslun. Stjórnir félaganna eru að mestu skipaðar sömu mönnum. Eins og hér stendur á, og með vísan til þess að aðgerðir Samkeppnisstofnunar beindust gegn auglýsingum „Radíóbúðarinnar“ sem slíkrar, þykir ekki að málsmeðferð Samkeppnisstofnunar hafi verið óeðlileg að því er þetta varðar.

Ómótmælt er að auglýsingar sem birtust 5. og 6. nóvember 1995 voru leiðréttar með auglýsingum í dagblöðum 12. og 13. nóvember s.á. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. nóvember 1995, var áfrýjanda tilkynnt að af þeim sökum muni ekki koma til þess að „að svo stöddu að Samkeppnisráð setji bann á auglýsinguna.“ Á hinn bóginn var áfrýjanda sent afrit af fréttatilkynningu til fjölmiðla, „þar sem vakin er athygli á röngum upplýsingum í fyrrnefndri auglýsingu Radíóbúðarinnar.“ Í fréttatilkynningunni sjálfri er fjallað um nefndar auglýsingar og að þær hafi verið leiðréttar. Síðan segir; „Á undanförnum árum hefur Samkeppnisstofnun hins vegar margoft sent Radíóbúðinni athugasemdir vegna rangra og villandi upplýsinga í auglýsingum. Af þeim sökum hefur þeim fyrirmælum nú verið beint til fyrirtækisins að fara að lögum í auglýsingum og upplýsingagjöf, að öðrum kosti verði tekið harðar á brotum fyrirtækisins í framtíðinni.“

Umdeilt er að hve miklu leyti áfrýjanda var gefinn kostur á að tjá sig um þennan hluta tilkynningarinnar áður en hún var send fjölmiðlum. Ákvörðun um að birta fréttatilkynningu um brot á samkeppnislögum er íþyngjandi fyrir þann sem hún beinist gegn. Rétt hefði því verið, eins og hér stóð á, að gefa forsvarsmönnum Radíóbúðarinnar kost á að tjá sig um fréttatilkynninguna í heild sinni og með formlegum hætti, áður en hún var send fjölmiðlum. Ber að átelja að svo var ekki gert, en ekki verður talið að málsmeðferðin að þessu leyti hafi verið svo aðfinnsluverð, að ekki megi staðfesta hana.

Loks hefur áfrýjandi vísað til þess að jafnræðis sé ekki gætt í málsmeðferð Samkeppnisstofnunar varðandi auglýsingar sem telja má brot gegn samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun hefur sýnt fram á að stofnunin hefur brugðist við auglýsingum annarra aðila með ýmsum hætti, þ.á m. með áskorunum og fréttatilkynningum. Hefur ekki verið sýnt fram á að í meðferð þessara mála sé jafnræðis ekki gætt. Þá verður ekki séð að málsmeðferð gagnvart áfrýjanda hafi verið harkalegri en tilefni var til.

Með vísan til framangreinds þykir mega staðfesta hina kærðu ákvörðun Samkeppnisstofnunar vegna fréttatilkynningar um Radíóbúðina hinn 14. nóvember 1995.

Af því leiðir jafnframt að aðrar kröfur áfrýjanda verða ekki teknar til greina.

V.

Úrskurðarorð.

Hin kærða ákvörðun og málsmeðferð samkeppnisstofnunar er staðfest.

Reykjavík, 20. febrúar 1996.

Páll Sigurðsson

Andri Árnason

Inga Jóna Þórðardóttir

Rétt endurrit staðfestir;

21. febrúar 1996

Asdu Valdimarsdóttir